

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar, nr. 729/2014.

#### 1. gr.

3. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Þóknun fyrir aukaverk presta miðast við einingar sem kjararáð ákvarðar þeim sem undir það heyra. Hver eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.573 krónur. Verði breyting á launatöflu kjararáðs nr. 502, þannig að ný krónutala komi fyrir hverja einingu í stað þeirrar sem nú er, skal ráðherra innan mánaðar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda breyta gjaldskrá þessari til samræmis. Sama gildir ef kjararáð breytir viðmiði hvað varðar launaflokk eða prósentutölu í launatöflu sinni.

#### 2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Þóknun fyrir hvert aukaverk prests er metin sem hlutfall af einingu kjararáðs skv. 3. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar og ennfremur tilgreind í krónutölu sem hér segir:

1. Skírn	0,7 ein. kjararáðs eða	6.701 kr.
2. Ferming	2,0 ein. kjararáðs eða	19.146 kr.
3. Hjónavígsla	1,3 ein. kjararáðs eða	12.445 kr.
4. Útför	2,6 ein. kjararáðs eða	24.890 kr.
5. Kistulagning	0,8 ein. kjararáðs eða	7.658 kr.
6. Athöfn við jarðsetningu duftkers eða kistu	0,8 ein. kjararáðs eða	7.658 kr.
7. Embættisvottorð	0,2 ein. kjararáðs eða	1.915 kr.

Sá sem beiðist skírnar greiðir ekki þóknun verði skírnin við guðsþjónustu.

Kirkjugarðsstjórn greiðir ekki þóknun fyrir jarðsetningu duftkers eða kistu ef athöfn er í beinu framhaldi af útför.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá nr. 729/2014, sem sett er samkvæmt lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 1146/2015.

*Innanríkisráðuneytinu, 18. júlí 2016.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*